

Garðabær
B.t. Gunnars Einarssonar
bæjarstjóra

ERINDI: Rekstur leikskólanna Litlu Ása og Hnoðraholts á Vífilsstöðum

Eiríkur B. Björgvinsson sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Halldóra Pétursdóttir leikskólafulltrúi boðuðu fulltrúa Hjallastefnunnar á fund vegna innritun leikskólabarna fyrir haustið 2021, 25. febrúar s.l. Þar kom m.a. fram sá jákvæði vandi sem að sveitarfélagið stendur frammi fyrir að biðlisti leikskólabarna er að lengjast vegna fólksfjölgunar í bænum og börnum boðið leikskólaláss frá 12 mánaða aldri. Hverfi eru að byggjast hratt upp og börnum að fjölga áður en leikskólar eru tilbúnir.

Markmið Hjallastefnunnar er að bjóða fjölskyldum sem hafa áhuga á gildum og starfsháttum Hjallastefnunnar, upp á bæði leik- og grunnskóla á Vífilsstöðum. Við teljum börnum og fjölskyldum best að geta strax í upphafi skólagöngu valið skólastefnu fyrir sig sem áfram heldur um fjölskylduna og að þau þurfi ekki að flytjast milli staða ef mögulegt er. Þannig er mjög erfitt að hugsa sér það að Hjallastefnan segir upp börnum sem þegar hafa fengið pláss eins og gert er ráð fyrir í gr. 8.2 í samningi milli Garðarbæjar og Ása / Litlu Ása.

Starfsemi Hjallastefnuleikskóla byggir á ákveðnum gildum hvað varðar starfshætti og umhverfi og því ekki góð leið að leikskólinn verði tímabundinn áningastaður barna sem síðan munu vilja flytja í leikskóla í öðru hverfi. Flutningar geta verið börnum erfiðir nema þau fari í sambærilegan leikskóla og þá með sínu starfsfólki. Garðabær gæti jafnvel nýtt sér það að hafa starfsemi Litlu Ása á sinni hendi og nýtt skólann til aðlögunar fyrir börnin sín. Á fyrrnefndum fundi reifuðu því fulltrúar Hjallastefnunnar þá hugmynd að Garðabær taki við starfsemi Litlu-Ása jafnvel strax næsta haust enda er þar landrými fyrir tímabundna aukningu rýma meðan önnur uppbygging stendur yfir. **Hjallastefnan ítrekar þetta boð hér ef þessi leið gæti leyst tímabundinn vanda.**

Nú eru Hjallastefnan og Garðabær að endurnýja samninga milli aðila og gæti verið mikilvægur liður að einfalda rekstrarform leikskólanna og gera um þá einn samning í stað tveggja auk viðauka fyrir þann þriðja. Til einföldunar á rekstrarformi er Hjallastefnan reiðubúin til viðræðna um sölu á fasteignum Hnoðraholts sem væri þá rekinn á sömu forsendum og Ásar. **Óskað er hér eftir því að þið takið þá hugmynd til skoðunar.**

F.h. Hjallastefnunnar



Katrín Dóra Þorsteinsdóttir
framkvæmdastjóri